

Skýrsla

um fund amtsráðsins í Suðuramtinu 30. júní — 2. júlí 1898.

Arið 1898, 30. dag júnímánaðar, var aðalfundur amtsráðsins í Suðuramtinu settur og haldinn í Reykjavík af forseta amtsráðsins, amtmanni Júlíus Havsteen, ásamt amtsráðsmönnum: sýslumanni Guðlaugi Guðmundssyni á Kirkjubæjarklaustri (úr Vesturskaptafellssýslu), síra Skúla Skúlasyni í Odda (úr Rangárvallasýslu), prófasti síra Valdimar Briem á Stóra Núpi (úr Árnessýslu), verzlunarstjóra Jóni Gunnarssyni í Keflavík (úr Gullbringu- og Kjósarsýslu) og prófasti síra Guðmundi Helgasyni í Reykholti (úr Borgarfjarðarsýslu).

Forseti lagði fram útskriftir úr gjörðabókum sýslunefndanna í Rangárvallasýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu viðvíkjandi kosning amtsráðsmanna og varaamtsráðsmanna úr nefndum sýslum, fyrir tímabilið frá 1. júní 1898 til 31. maí 1904 í stað þeirra, sem úr ráðinu skyldu ganga, að endudum kjörtíma þeirra.

Kosnir höfðu verið:

1. Fyrir Rangárvallasýslu:

Amtsráðsmaður: síra Skúli Skúlason í Odda.

Varaamtsráðsmaður: alþingismaður Sighvatur Arnason í Eyvindarholti.

2. Fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu:

Amtsráðsmaður: verzlunarstjóri Jón Gunnarsson í Keflavík.

Varaamtsráðsmaður: alþingismaður Þorlákur Guðmundsson í Hvammkoti.

Amtsráðið fann ekkert við kosningar þessar að athuga.

Amtsráðið fól forseta, að staðfesta þegar framfarna kosningu varamanns fyrir Vesturskaptafellssýslu, sem sje Jóns bónda Einarssonar á Hemru, ef svo færi, að síra Bjarni Þórarinsson á Útskálum yrði dæmdur í hegningu við landsyfirrjettinn í sakamáli því, sem höfðað er á móti honum.

Þessi mál komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins fyrir 1897, og var hann falinn amtsráðsmönnum úr Árnessýslu og Rangárvallasýslu til endurskoðunar.
2. Reikningur yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs Suðuramtsins fyrir 1897, sem var framlagður, var falinn amtsráðsmönnum úr Gullbringu- og Kjósarsýslu og Borgarfjarðarsýslu til endurskoðunar.
3. Reikningur yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs þjóðjarðalandseta í Suðuramtinu og ekkna þeirra fyrir 1897, sem ennfremur var framlagður, var falinn amtsráðsmanninum úr Vesturskaptafellssýslu til endurskoðunar.
4. Ennfremur lagði forseti fram reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hvanneyri, eða reikning yfir viðskipti amtsins við búnaðarskólastofnunina 1897—98, reikning skólastjóra yfir tekjur og gjöld skólabúsins 1897—98 með tilheyrandi jafnaðarreikningi skólabúsins 31 maí 1898, sjóðsreikningi skólabúsins 1896—97, skrá yfir eignir skólabúsins s. á., og reikning yfir tekjur og gjöld Hvanneyrarkirkju 1896—97.

Þessir reikningar voru afhentir amtsráðsmönnum úr Vesturskaptafellsýslu og Borgarfjarðarsýslu til endurskoðunar.

5. Forseti skýrði frá því, að hann samkvæmt ályktun amtsráðsins á fundi þess,

24.—26. júní f. á., hefði skrifað sýslumönnunum í Borgarfjarðarsýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu og Árnessýslu 5. júlí f. á., og samkvæmt áskorun amtsráðsins í Vesturamtinu á fundi þess 9.—10. júní f. á. sýslumönnunum í Strandasýslu, Barðastrandarsýslu, (að því leyti er austurhluta sýslunnar snertir) Dalasýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og Mýrasýslu 3. júlí f. á., og skipað svo fyrir, að öll fjárhús í lögsagnarumdæmum þeim skyldu sótthreinsuð á hinu yfirstandandi sumri eptir leiðarvísi þeim, sem dýralæknirinn hafði útgefið, og í annan stað, að almennar fjárskoðanir og baðanir skyldu fram fara jafnskjótt og fje kæmi af fjalli og áður en það yrði látið í hús, sbr. að öðru leyti Stjórnartíðindi B. 1898 bls. 155 f. t. hjer á eptir að orðunum »grunaðs fjár frá heilbrigðu«.

Forseti bar því næst undir amtsráðið, hverjar ráðstafanir mundu til-tækilegastar gagnvart fjárkláðanum að haustinu til og framvegis, og skýrði amtsráðinu frá þeirri niðurstöðu, sem amtsráðið í Vesturamtinu hafði kom-izt að um þetta á nýafstöðnum fundi sínum, 8.—10. júní þ. á.

Amtsráðið ályktaði að skora á forseta, að láta fjárskoðanir og bað-anir fram fara á komandi hausti, með sama móti sem í fyrra, í Borgarfjarð-ar-, Gullbringu og Kjósar-, og Árnessýslum; þó skyldi eigi vera skylt að baða á svæðinu milli Hvitár eystri og Þjórsár, nema kláði fyndist þar. Bóð-ununum skyldi lokið fyrir jól, og skyldu skýrslur lögreglustjóra um á-rangurinn af skoðununum og bóðununum, sem sýndu, hvernig heilbrigðis-ástand fjárins væri í hverjum hreppi, vera komnar til forseta ráðsins fyrir lok febrúarm. næstkomandi.

Amtsráðið ályktaði, að beina þeirri áskorun til forseta, að gjöra nauð-synlegar ráðstafanir til þess, að hefta samgöngur við Rangárvallasýslu, svo sem með því að banna flutning liffjár yfir Þjórsá, ef horfurnar skyldu veru-lega spillast í Arnassýslu milli Hvitár og Þjórsár.

Forseti lagði að endingu fram brjef landshöfðingja, dags. 14. maí þ. á., þar sem leitað er álits amtsráðsins um væntanlegt frumvarp til laga um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, sem koma skyldi í stað þess frumvarps, sem alþingi hafði samþykkt 1897, en synjað hafði verið kon-ungsstaðfestingar á, sbr. brjef stjórnarráðsins fyrir Ísland, 14. apríl þ. á., sem prentað er í Stjórnartíðindunum B. 1898, bls. 79—81. Jafnframt skýrði forseti frá þeirri niðurstöðu, sem amtsráð Vesturamtsins hafði komizt að snertandi þetta mál.

Amtsráðið ályktaði að lýsa því yfir, að æskilegt væri, að ný lög um mótvarnir gegn fjárkláða kæmu út, sem þó eigi gjörðu að svo stöddu aðra breyting á hinum núgildandi lögum, en þá, að amtmanni sje veitt heimild til þess, að fyrskipa almennar skoðanir og baðanir á fje, og sótthreinsun fjárhúsa, hvenær sem honum sýnist þörf á því, og að niður-skurður sá sje leyður, sem ræðir um í 3. gr. frumvarps þess til laga um fjárkláða, sem alþingi samþykkti 1897.

Amtsráðið ljet ennfremur það álit sitt uppi, að það mundi ekki heppi-legt, að taka upp í lög ákvarðanir þær, sem ætlazt var til, að amtsráðin

96

gæfu út reglugjörðir um að því leyti, er snertir framkvæmdir á fyrirskipuðum ráðstöfunum gegn fjárkláða, samkvæmt 4. gr. frumvarpsins, vegna þess hve misjafnlega háttar með geymslu og hirðingu fjár í hinum ýmsu hjeruðum landsins.

6. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, dags. 17. ágúst f. á., þar sem svo er ákveðið, að dýralæknirinn í Suður- og Vesturömtunum skuli hafa bústað sinn í Reykjavík.
7. Með skírskotun til þess, sem gjörzt hafði á fundi amtsráðsins 24.—26. júní f. á., viðvíkjandi stofnun allsherjar búnaðarfjelags fyrir allt landið, skýrði forseti frá því, að alþingismaður Þorlákur Guðmundsson í Hvammkoti hefði mætt á fundi Búnaðarfjelags Suðurstofnsins 5. júlí f. á., svo sem fulltrúi amtsráðsins í þessu máli og lagði forseti jafnframt fram ársskýrslu nefnds búnaðarfjelags fyrir 1897, en eins og skýrt er frá í henni, hefði sú ályktun verið gjörð á fundinum, að stjórn nefnds fjelags skyldi ganga í nefnd með þeim mönnum, sem tilnefndir voru af amtsráðum landsins, til að ræða um stofnun allsherjar búnaðarfjelags fyrir land allt, sem Búnaðarfjelag Suðurstofnsins hyrði inn í, og semja frumvarp til laga fyrir slíkt fjelag. Þessir menn áttu svo nokkra fundi með sjer til að ræða málið og undirstöðu laga fyrir hið fyrirhugaða allsherjar búnaðarfjelag landsins; því næst voru kosnir 3 af þeim til að semja frumvarp, og var frumvarp þetta rætt og samþykkt á fundi allra fulltrúanna.

Forseti útbýtti frumvarpi þessu meðal amtsráðsmanna og skýrði ráðinu frá undirtektum amtsráðsins í Vesturamtinu undir þetta mál.

Amtsráðið samþykkti frumvarpið og fól forseta að mæta á tilstandandi fundi Búnaðarfjelags Suðurstofnsins fyrir hönd amtsráðsins.

8. Samkvæmt ályktun amtsráðsins á fundi þess 24.—26. júní f. á. (sbr. Stjórnartíðindi 1897, B. bls. 147—148), hafði forseti leitað álita allra sýslunefndanna um frumvarp það til reglugjörðar fyrir hreppsnefndir, um eptirlit með heilbrigðisástandinu manna á milli, sem hjeraðslæknir Guðmundur Björnsson í Reykjavík hafði samið eftir áskorun forseta. Þessi álit nefndanna voru framlögð og eru nefndirnar í Vestmannaeyja-, Rangárvalla- og Borgarfjarðarsýslum mótfallnar því, að slík reglugjörð yrði útgefin, þar sem eigi mundi hægt að framkvæma ákvæði hennar, en sýslunefndin í síðastnefndri sýslu áleit, að það mundi eigi ólíklegt, að leiðbeiningar líkar þeim, sem frumvarpið færi fram á, gæti orðið að einhverjum notum, væri þeim útbýtt meðal alþýðu í sjerstökum ritlingi. Sýslunefndin í Árnessýslu hafði líka vakið máls á því, að slíkar leiðbeinandi reglur kæmu út. Aptur á móti eru sýslunefndirnar í Vesturskaptafellssýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu með því, að frumvarpið kæmi út sem reglugjörð, þó með nokkrum breytingum. Ennfremur skýrði forseti amtsráðsins frá því, hvernig mál þetta hefði farið á fundi amtsráðsins í Vesturamtinu, 8.—10. júní þ. á., sem hafði komizt að þeirri niðurstöðu, að hverfa frá því, að setja slíka reglugjörð, þar sem allar sýslunefndirnar í amtinu, nema ein, væru henni mótfallnar, enda vantaði alla heimild til að búa hana svo út, að þvingun yrði beitt, ef menn ó-

hlýðnast fyrir mælum reglugjörðarinnar. Aptur á móti hefði amtsráðið álykt- að að biðja landlækni um, að semja leiðbeinandi reglur og ráðleggingar, snertandi almennt hreinlæti og heilbrigði manna á milli, sem skyldu prentaðar á kostnað jafnaðarsjóðs og útbýtt.

Amtsráðið ályktaði að hverfa frá því, að setja eða gefa út slíkar reglugjörðir, en aptur á móti var forseta falið, að biðja landlækni að semja leiðbeinandi reglur og ráðleggingar, snertandi almennt hreinlæti og heilbrigði manna á milli, með hliðsjón af þeim reglugjörðarfrumvörpum, sem hjerads- lækarnir Guðmundur Björnsson og D. Sch. Thorsteinsson höfðu samið, og athugasemdum þeim, sem sýslunefndir í báðum ömtunum höfðu gjört við frumvarpið, og vildi ráðið láta í ljósi, að æskilegt væri að málefni þetta yrði lagt fyrir læknafundinn, sem er í ráði að halda á þessu sumri; skyldi svo prenta reglur þessar á kostnað jafnaðarsjóðs, og útbýta þeim manna á milli.

9. Forseti skýrði frá úrskurði þeim, er hann hafði lagt á sýslusjóðsreikning Gullbringu- og Kjósarsýslu fyrir 1896.
10. Þá voru lagðir fram sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikningar úr öllum sýslum í amtinu fyrir 1897, sem höfðu verið endurskoðaðir af endurskoðendum sýslunefndanna og yfirfarnir af forseta ráðsins.

Reikningarnir voru þar næst úrskurðaðir af amtsráðinu.

11. Þá voru framlögð og yfirfarin endurrit af gjörðabókum sýslunefndanna.
 - A. Úr Vesturskaptafellssýslu frá 12. og 13. apríl þ. á. Þar sem eigi mátti jafna niður meir en 945 kr. 33 a., sem sýslusjóðsgjaldi, án samþykkis amtsráðsins, vildi amtsráðið nú leyfa, að jafna mætti niður 1062 kr., svo sem til ætlaðt væri, en um þetta samþykki lá samt eigi fyrir nein beiðni frá sýslunefndinni.
 - B. Úr Vestmannaeyjasýslu frá 21. jan. þ. á.
 - C. Úr Rangárvallasýslu frá 27. sept. f. á. og 31. marz til 2. apríl þ. á.
 - D. Úr Árnessýslu frá 30. sept. f. á. og 13—16 apríl þ. á.
 - E. Úr Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 11. og 12. nóv. f. á., og frá 25.—27. apríl þ. á.

Forseti skýrði frá, að hann upp á væntanlegt samþykki amtsráðsins hefði leyft sýslunefndinni að taka 600 kr. lán úr landssjóði upp á sýslusjóðinn til þess að koma á fót tóvinnuvjel á Álafossi í sambandi við ullarvinnuvjelar þær, sem þar væru fyrir, og sem Halldór Jónsson frá Sveinsstöðum nú væri orðinn eigandi að.

Amtsráðið samþykkti þetta.

Forseti skýrði enn fremur frá því, að hann upp á væntanlegt samþykki amtsráðsins hefði leyft sýslunefndinni að taka allt að því 6598 kr. lán upp á sýsluvegasjóðinn, til framhalds veginum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur á þessu sumri.

Amtsráðið samþykkti þetta.

Í gjörðabókarútskriftinni er svo skýrt frá, að nefnd sú, sem kosin hafi verið til þess, að yfirfara og endurskoða sveitarreikning Seltjarnarnes-

96

hrepps fyrir 1895-96, hafi komið fram með álit sitt og þá tillögu, að sýslunefndin vísi máli þessu til aðgjörða og úrskurðar amtsins, og að sýslunefndin hefði samþykkt þessa tillögu. Forseti gat þess, að hann hefði eigi enn fengið þetta mál; útaf þessu fann amtsráðið ástæður til að benda sýslunefndinni á það, sem fyrirmælt er um úrskurðun hreppareikninga í 20. gr. tilsk. 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi, en samkvæmt þessari grein er það sýslunefndin, sem á að úrskurða hreppareikningana, en hvorki amtið nje amtsráðið. F. Úr Borgarfjarðarsýslu frá 4.—6. maí þ. á.

12. Forseti lagði fram erindi hreppsnefndarinnar í Vatnsleysustrandarhreppi, dags. 20. júní þ. á., þar sem hún leitar til amtsráðsins um það, að ráðið afstýri yfirvofandi hallæri í hreppnum, sem fyrirsjáanlegt sje, og skýrir ítarlega frá hinu bágborna ástandi hreppsins og annara sveitarfjelaga þar suður frá. Í þessu tilliti skýrir nefndin svo frá, að önnur og aðalorsökin til báginga manna þar sje aflaleysið; hafi vetrarvertiðarafi í þetta skipti brugðizt tilfinnanlega eins og hin- ar undanfögnu fjórar vertiðir, og nú á síðastliðnu vori hafi gjörsamlega brugðizt sildarafi og grásleppuveiði, og yfir höfuð allur afi. Hreppsnefndin kýrir enn- fremur svo frá, að afleiðingin af þessu hafi verið sú, að almenningur af vinn- andi fólki hafi flúið úr hreppnum til annara bjargvænlegri hjeraða, til að leita sjer atvinnnu, en skilið eptir heimilin bjargarlaus. Í annan stað hafi lánstraust í kaupstöðum gjörsamlega þrotið sem eðlilegt væri. Önnur orsökkin til báging- anna er talin sú, að á hreppinn hafi hlaðizt svo margir ósjálfbjarga ómagar þetta síðasta ár, að hreppurinn geti alls eigi risið undir þeim gjaldþunga, sem af þessu leiði, og er þess getið, að þeir fáu gjaldendur, sem útsvar ættu að greiða úr búum sínum, fá ekki björg handa sínu eigin skylduliði, en hinir, sem efna- betri eru, haldi ómaga, sem vinni sveitargjöldin upp hjá þeim, svo þeir þurfi ekkert að borga. Í stuttu máli er ástandið talið voðalegra, en það hafi nokk- urntíma verið á þessari öld. Hreppsnefndin hefir því verið á einu máli um það, að það væri tilgangslaust að taka stórt lán uppá *abyrgð hreppsfielagsins*, sem nægði til að afstýra bjargarskortinum í hreppnum. Hreppsnefndin segist svo hafa sent sýslunefndinni erindi, dags. 20. apríl þ. á., þess efnis að sýslunefndin gjörði einhverjar ráðstafanir til þess að afstýra bjargarvandráðum í hreppnum, sem þá þóttu fyrirsjáanleg, enda sjest það af gjörðabókarútskrift sýslunefndar- innar, viðvikjandi fundarhaldi hennar 25.—27. apríl þ. á, að hreppsnefndin hafi beðið um að hreppnum yrði þegar veitt 2000 kr. lán, en að sýslunefndin hafi lýst því yfir, að hún eigi gæti orðið við beiðni þessari, án þess ásæður sjeu til- færðar; en það sjest líka, að framlögð hafi verið á sýslunefndarfundinum beiðni frá sýslunefndarmanni Vatnsleysustrandarhrepps, þeim sama manni, sem nú skrifar amtsráðinu sem oddviti hreppsnefndarinnar, Guðmundi Guðmundssyni í Landakoti, dags. 27. apríl þ. á., eða á sjálfum sýslunefndarfundinum, og er í þeirri beiðni farið fram á, að fá meðmæli sýslunefndarinnar til þess að hrepp- num verði veitt alt að 2000 kr. lán til búnaðarframfara, og þessari beiðni er sýslunefndin meðmælt, eða með öðrum orðum, hún leyfir þessum bágstadda hreppi, sem flest vinnufært fólk flýr úr, að taka 2000 kr. lán til eflingar bún- aði. Eins og getið er um í hinu fyrirbyggjandi erindi hreppsnefndarinnar til

amtsráðsins, dags. 20 júní þ.á., ber gjörðabókarútskriftin það einnig með sjer, að sýslunefndin hafi samþykkt þá tillögu sýslunefndarmannsins úr Vatnsleysustrandarhreppi, »að sýslunefndin nú þegar aðvari amtsráðið um að útaf hinu langvinna aflaleysi í suðurhluta sýslunnar geti að því rekið, að það (amtsráðið) verði á næsta hausti að taka lán upp á amtið til að afstýra hallæri í 5 hreppum af 12 í sýslunni, því sýslunefndin sjá sjer eigi fært að ráða fram úr þeim vandræðum, ef þau skyldi koma fyrir«. Forseti gat þess, að hann hefði ekki fengið önnur skeyti um þessa ályktun, en ofannefnda gjörðabókarútskrift, sem sýslumaðurinn hafi sent með brjefi, dags. 20. maí þ. á., er barst forseta 23. s. m.

Sýslunefndin hefir sýnt með þessari ályktun sinni, að hún annaðhvort ekki hefir aðgætt sveitastjórnarlög vor, eða vilji ekki hafa fyrir því að uppfylla skyldur þær, sem á henni hvíla samkvæmt 39. gr. 5. tilskipunar 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi. Þar er sagt með skýlausum orðum, að sýslunefndir skuli gjöra sjerstakar ráðstafanir til þess, að afstýra hallæri í sýslunni, eptir að hafa leitað álits hlutaðeigandi hreppsnefndar. Lagagrein þessi sýnir þar næst, að fjárframlög til þessa eigi að greiðast úr sýslusjóði, og það væri hreint og beint lagaleysi að taka fje úr amtsjóði til þess að afstýra hallæri. Í brjefi forseta til sýslumannsins, dags. 4. febr. þ. á., viðvikjandi bágingum í Bessastaðahreppi, sem var lagt fram á sjálfum sýslunefndarfundinum, áður en fyrnefnd gjaldprotaákvörðun var gjörð, er vitnað til þessarar lagagreinar, svo hún ætti að vera sýslunefndinni kunnug. Í annan stað liggur það í augum uppi, og leiðir af nefndum lagafyrirmælum, að lán útaf bágingum hreppa, eins eða fleiri, verður að endurborgast af sýslufjelaginu í heild sinni, og það er hreinn misskilningur, að halda að nefnd lagagrein komi aðeins til greina, þegar hallæri sje í öllum hreppum sýslunnar; það liggur í augum uppi, að það væri engin hjálp fyrir fátækan hrepp, sem hallæri væri í og neyð, að fá lán, sem hreppurinn einn ætti að borga aptur. Slíku hallærisláni á að jafna niður á alla hreppa sýslunnar, sem sýslusjóðsgjaldi.

Amtsráðið ályktaði því, að skipa sýslunefndinni að gjöra þegar þær ráðstafanir, sem þörf væri á til þess að afstýra hallæri, bæði í Vatnsleysustrandarhreppi og í öðrum hreppum í suðurhluta sýslunnar, eptir að nægar upplýsingar væru fengnar, og áleit amtsráðið, að þessar upplýsingar yrðu útvegaðar á þann hátt, að oddviti sýslunefndarinnar ljeti tilkvadda utan-hreppsmenn rannsaka ástandið í hinum bágstöddu hreppum.

13. Forseti ljet amtsráðinu í tje ítarlega skýrslu um ástand styrktarsjóða alþýðufólks í hinum ýmsu sýslum amtsins við árslok 1897. Í einum hreppi í Vesturskaptafellssýslu, og í tveimur hreppum í Borgarfjarðarsýslu hafði óregla átt sjer stað, og skoraði amtsráðið á hlutaðeigandi sýslumenn að kippa þessu í lag og ganga ríkt eptir skilum hjá hlutaðeigandi hreppstjórum, og koma ábyrgð fram gegn þeim eptir 136. eða 144. gr. hegningarlaganna eptir því, sem atvik lægu til. Eins og að undanfögnu átti megn óregla sjer stað með meðferð á styrktarsjóðum þessum í Gullbringu og Kjósarsýslu, og voru aðeins sjóðsskýrslur úr 7 hreppum sýslunnar fyrir 1896 fullnægjandi, sem sje úr Kjósar-, Mosfells-, Bessa-

96

staða-, Garða-, Njarðvíkur-, Hafna- og Grindavíkurhreppum, en úr hinum hreppunum voru þær ófullkomnar og alls engar skýrslur komnar fyrir 1897.

Amtsráðið ljet í ljósi óánægju sína yfir þessu og skoraði á sýslumann að rannsaka þetta nákvæmlega og sjer í lagi aðgæta, hvort eigi lægi fyrir brot gegn 136. eða 144. gr. hegningarlaganna. Jafnframt veitti amtsráðið sýslumanni frest til 1. nóv. næstkomandi þannig, að þá yrði innkom-in ítarleg skýrsla til forseta ráðsins um ástand styrktarsjóðanna fyrir árin 1896 og 1897, og um það hvort reikningshaldarar hefðu gjört full skil og og borgað allt hið innheimta fje í Söfnunarsjóðinn.

Eftir lögum 18. des. 1897, um breyting á lögum um styrktarsjóði handa alþýðufólki, er amtsráðunum gjört að skyldu, að hafa eftirlit með því, að ákvæðum laga um nefnda sjóði sje hlýtt.

Útaf þessu lagði amtsráðið sýslumönnum fyrir, að senda forseta ráðsins, fyrir lok maímánaðar ár hvert skýrslu, sem sýndi, hvað hver hrepp-ur hefði átt í Söfnunarsjóði við byrjun ársins, hve mikið innheimt hefði verið á árinu, hve margir gjaldendur hefðu verið, og hve mikið hreppurinn ætti í Söfnunarsjóði við árslok.

14. Með skírskotun til álykunar sýslunefndarinnar í Arnessýslu fór fulltrúinn þaðan þess á leit, að forseti ljeti dýralækni Suður- og Vesturamtanna ferðast um sýsluna í haust og koma í sem flesta hreppa til að kenna bólusetning-ingar við bráðapest, og skyldi dýralæknirinn hafa með nægilegt bóluefni. Ennfremur hafði nefndin mælt til þess að amtmaður sæi svo um, að til væri nægar byrgðir af bóluefni því, sem dýralæknir álitu að væri bezt.

Fulltrúinn úr Borgarfjarðarsýslu fór þess á leit fyrir hönd Þórðar Stefánssonar frá Varmalæk, sem að undanfögnu hefir fengizt við bráðafársbólusetningar, að hlutast væri til um það, að hann gæti fengið bólusetningarefni, sem nægði í 8000 fjár.

Amtsráðið fjellst á, að sinna óskum sýslunefndarinnar í Arnessýslu þannig að dýralæknir bólusetti fje og kendi mönnum bólusetningar þessar, ef hann álitu það gjörandi. Að því leyti, er kostnaðinn snertir, við útvegum bóluefn-insins, þá ályktaði amtsráðið, að sýslufjelagi borgaði þann kostnað.

Forseti lofaði að reyna til þess, að fá dýralæknir til að útvega bólusetningarefni það, sem Þórður Stefánsson hefði beðið um.

15. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Rangárvallasýslu, dags. 30. sept. f. á., þar sem hann ber undir samþykki eða staðfesting amtráðsins þá álykt-un sýslunefndarinnar, að sú breyting verði gjörð á 9. 10. og 11. yfirsetu-kvennaumdæmi Rangárvallasýslu, sem eru í Ásahreppi, og Holtahreppi, að umdæmin verði 4. sem sje:

9. Þykkvibær,

10. Kálfsbolts, Ás- og Háfssóknir utan Þykkvabæjarósa, —

11. Oddasókn utan Ytri Rangár, og Árbæjarsókn í Holtahreppi, og

12. Haga og Marteinstungusóknir.

Amtsráðið samþykkti þetta.

16. Forseti lagði fram brjef sýslumanns í Skaptafellssýslu, dags. 10. maí þ. á., og þar með fylgjandi útdrátt úr gjörðabók sýslunefndarinnar í Vesturskaptafellssýslu frá fundarhaldi hennar, 12. og 13. apríl þ. á., og er þess farið á leit, að amtsráðið samþykki breytingar, sem sýslunefndin hafði gjört á hinni núverandi yfirsetukvennaumdæmaskipun í Vesturskaptafellssýslu, sem er þessi:

1. Frá Skeiðarársandi að Hverfisfljóti,
2. Frá Hverfisfljóti að Stjórn,
3. Kirkjubæjarhreppur vestan Stjórnar að undanteknum Skaptárdal og A.,
4. Langholtssókn (Meðalland)
5. Pykkvabæjarklausturssókn (Álptaver)
6. Ása- og Búlandssóknir (Skaptártunga).
7. Höfðabrekku- og Reynissóknir (Hvammshreppur).
8. Dyrhóla- og Sólheimasóknir (Dyrhólahreppur).

Breytingarnar eru fölgjar í því, að í stað 1. 2. og 3. umdæmis komi:

1. Frá Skeiðarársandi að Geirlandsá (Hörgslandshreppur).
2. Kirkjubæjarhreppur, að undanskildum Skaptárdal og Á.

og að 5. og 6. umdæmi verði sameinað í eitt umdæmi, sem verði 4. umdæmið. Amtsráðið samþykkti breyting þá, sem stungið er uppá að því leyti, er snertir 1., 2., og 3. umdæmið, þó þannig, að hin nýja skipun á 1. og 2. umdæminu kæmi eigi til framkvæmdar fyr en við yfirsetukonuskipti í hinu núverandi 2. umdæmi, en yfirsetukona skyldi nú skipuð í hið nýja umdæmi (Nr. 2.), sem sje Kirkjubæjarhreppur að undanskildum Skaptárdal og Á. Að því leyti er snertir hina breytinguna að sameina hið núverandi 5. og 6. umdæmi í eitt, áleit amtsráðið varhugavert að samþykkja hana að svo stöddu, þar sem hjer væri að ræða um töluverða vegalengd, og verulegar torfærur innan umdæmisins. Amtsráðið vildi því bera þetta atriði undir endurnýjaða yfirvegum nefndarinnar, en ljet í ljósi, að það mundi samþykkja hina framkomnu tillögu, ef nefndin hjeldi fast við hana.

17. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 23. apríl þ. á., þar sem skýrt er frá því, að ferjubændurnir í Óseyrarnesi hefðu beðið sýslunefndina um styrk til að halda uppi lögterjunni eptirleiðis eða þá um, að ferjan yrði lögð niður að öðrum kosti. Sýslunefndin hafði eigi sjeð sjer fært að verða við styrktarbeiðninni, en áleit allsendis ótílkæilegt að leggja ferjuna niður. Þar sem ferjan á hinn bóginn væri erfið og kostnaðarsöm, en flutningur orðinn lítill síðan Ölfusábrúin komst á, vildi nefndin mæla með því, að ferjutollar þeir, er ákveðnir væru í Ferjulögum stiptsamtsins, 29. nóv. 1855, væru hækkaðir um $\frac{1}{4}$, og hafði sýslunefndin lagt þetta undir samþykki amtráðsins. Jafnframt tók forseti það fram, að mál þetta mundi heyra undir amtið.

Amtsráðið ályktaði, að vísa þessu máli til amtsins, samkvæmt konungsbrjefi 29. apríl 1776, þar sem amtsráðið hefði eigi önnur bein afskipti af ferjum, en þau, sem ræðir um í 30. gr. 1. tilsk. 4. maí 1872, um sveitastjórn á Íslandi.

18. Samkvæmt 5. gr. laga 26. febr. 1898, um horfelli á skepnum, eiga amtsráðin

96

að semja fyrirmynd fyrir skýrslum þeim, sem hreppstjórar eiga að senda sýslumannni árlega um skóðanir þær, sem samkvæmt 2. gr. laganna eiga að framfara tvisvar sinnum árlega (í nóvember og á tímabilinu frá 15. marz til sumarmála) á búpeningi og fódurbirgðum hreppsþúa.

Amtsráðið ályktaði að fela forseta að semja slíkar fyrirmyndir og láta prenta eyðublöð á kostnað amtsins til útbýtingar manna á milli.

19. Amtsráðið ályktaði, að leggja sýslunefndum fyrir að semja sjerstaka reikninga yfir brúargjörðagjald það, sem heimilað er með lögum 26. febr. 1898, um sjerstakt gjald til brúargjörða, ef það kæmi fyrir, að slíkt gjald yrði innheimt.
20. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 22. apríl þ. á., þar sem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar og samkvæmt ályktun hennar enn einu sinni flytur þá beiðni hennar til landshöfðingja, að hann láti hæfan mann skoða brúarstæði á þessum ám í sýslunni:

1. Soginu hjá Alviðru, 2. á Brúará milli Miklaholts og Spóastada, 3. á Tungufljóti á Vatnsleysugljúfri, og 4. á Hvítá á Brúarhlöðum, og gjöra áætlun um kostnaðinn við brúargjörð á nefndum stöðum. Amtsráðið ályktaði að senda landshöfðingja þessa málaleitun.

21. Forseti lagði fram erindi hreppsnefndarinnar í Vatnsleysustrandarhreppi, dags. 15. febr. þ. á., þar sem hún fer þess á leit af tilgreindum ástæðum, að amtsráðið vilji fella úr gildi þá ályktun sýslunefndarinnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu frá fundi hennar 11. og 12. nóvbr. f. á., að sá kafli af svonefndum Selsvallavegi, sem liggur yfir land hreppsins, skyldi vera hreppsvegur. Jafnframt var framlagt brjef sýslumannsins í Gulbringu- og Kjósarsýslu dags. 30. maí þ. á., þar sem skýrt er frá álitum sýslunefndarinnar um erindi þetta.

Þar sem nú sýslunefndin hafði á fundi sínum, 25.—27. apríl þ. á., fellt hinn fyrnefnda vegarkafli úr hreppavegatölu gegn því að Vatnsleysustrandarhreppur legði helminginn af hinu árlega hreppavegagjaldi sínu í í sýsluvegasjóð, varð amtsráðið að álita, að kæruskjal þetta væri þar með útkljáð, sbr. 18. gr. laga 13. apríl 1894 um vegi.

22. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Gullbringu og Kjósarsýslu, dags. 9. des. f. á., þar sem hann skýrir frá, að sýslunefndin hefði lagt það til, að fella mætti úr sýsluvegatölu sýsluvegakafliann frá Engidal að Garðahliði, en gjöra hreppavegin milli Hafnarfjarðar og Garða að sýsluvegi og sameina hann við sýsluegin frá Hafnarfjarðarveginum fram á Álptanes.

Amtsráðið leyfði þetta.

23. Amtsráðið ákvað ennfreður samkvæmt tillögum sýslunefndarinnar í Árnessýslu, að vegurinn frá Alviðru ferjustað við Sogið fram með Ingólfsfjalli á þjóðveginum frá Ölfusárbrúnni upp að fjallinu, og vegur útaf hinni fyrirhuguðu flutningabraut milli Ölfusárbrúarinnar og Eyrarbakka fyrir ofan Hraunshverfi niður að Hraunsárbrú og þaðan til Stokkseyrar, skyldu teknir í sýsluvegatölu.
24. Forseti lagði fram erindi varaoddvita hreppsnefndarinnar í Grindavíkurhreppi, Erlends Ólafssonar, dags. 12. apríl þ. á., þar sem hann, annaðhvort fyrir sína hönd eða hreppsnefndarinnar, ber undir amtið, hvortsýslunefndinni í Gullbr.-og Kjósars. hafi verið heimilt að neita hreppsnefndinni um samþykki það, sem hún hafði beðið

um til þess að flytja lögrjett hreppsins frá Krísvík að Húsafelli í Hraunslandi, sem ákveðið hafði verið með meiri hluta atkvæða hreppsþúa, sem mætt höfðu á hreppsskilapingi 16. okt. f. á., og landeiganda, samkvæmt 13. gr. fjallskilareglugjörðar Gullbringu- og Kjósarsýslu, 6. des. 1896, og var enn fremur framlagt álit sýslumanns og sýslunefndar um mál þetta, sem forseti hafði álitíð rjettast, að leggja fyrir amtsráðið. Amtsráðið áleit, að það leiddi af hinum almennu lagareglum, um eftirlit og umsjón sýslunefnda með fjallskilum og því, sem þar að lítur, að samþykki sýslunefndar þurfi til þess, að breyta um rjettastæði, þótt slíkt sje ekki beinlínis tekið fram í fyrnefndri 13. gr. fjallskilareglugjörðarinnar, enda hefur hreppsnefndin sjálf verið á þeirri skoðun, þá er hún leitaði samþykkis sýslunefndarinnar til þeirrar breytingar, sem hjer er um að ræða, og í annan stað sjest það alls eigi, að meiri hluti landeigenda hafi samþykkt þetta.

25. Forseti lagði fram erindi frá þremur kvennmönnum þeim, sem standa fyrir hússtjórnarskólanum í Reykjavík, dags. 30. apríl þ. á., þar sem þær sækja um dálítinn fjárstyrk til amts sjóðs handa stofnun þessari.

Amtsráðið sá sjer eigi fært að veita nokkurn styrk að svo komnu til nefndrar stofnunar.

26. Forseti lagði fram skýrslu um kennsluna og vorpróf á kvennaskólanum í Reykjavík á skólaárinu 1897—98, og reikning yfir tekjur og gjöld skólans frá $\frac{1}{9}$ 96 til $\frac{31}{8}$ 97. Ennfremur var lagt fram erindi stjórnarnefndarinnar, dags. 24. marz þ. á., um 100 kr. styrk handa skólanum úr amts sjóði.

Amtsráðið veitti skólanum 100 kr. styrk úr jafnaðarsjóði.

27. Í brjefi, dags. 23. apríl þ. á., sem var framlagt, hefur sýslunefndin í Árnes sýslu beint beiðni frá sæluhúsverðinum á Kolviðarhóli, Guðna Þorbergssyni, um 50 kr. styrk úr sýslusjóði til amtsráðsins með meðmælum um, að það vildi veita sæluhúsverðinum þennan styrk úr jafnaðarsjóði.

Amtsráðið veitti sæluhúsverðinum 50 kr. styrk úr jafnaðarsjóði.

28. Endurskoðendur lögðu fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suð-uramtsins fyrir 1897, reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs Suður-amtsins s. á. og reikning yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs verðugra og þurfandi þjóðjardalandseta og ekkna þeirra í Suðuramtinu s. á., og voru þeir samþykktir án athugasemda. Þó vildi amtsráðið taka það fram, að laun þeirra manna, sem framkvæmt höfðu skoðun á útflutningsfje haustið 1897 á Akranesi, væru hærri en góðu hófi gegndi, en samt mætti við svo búið standa í þetta skipti.

29. Framlagðir voru aptur reikningar yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hvanneyri, eða reikningur um viðskipti amtsins við búnaðarstofnunina 1897—98, reikningur skólastjóra yfir tekjur og gjöld skólabúsins 1897—98 o. fl., og reikningur yfir tekjur og gjöld kirkjunnar á Hvanneyri 1896—97. Eftir að þessir reikningar höfðu verið endurskoðaðir af þeim amtsráðsmönnum, er þar til höfðu verið kvaddir. Reikningar þessir voru samþykktir án athugasemda. Forseti lagði ennfremur fram skýrslu skólastjóra um kennslu á skólanum 1897—98 og um framkvæmdir hans á jarðabótastörfum og húsa-

bótum. Á skólanum höfðu verið 7 námssveinar að sumrinu til, en 8 að vetrinum, 4 í efri og 4 í yngri deild.

Samkvæmt framlagðri skýrslu hafði kostnaðurinn við lenging skóla-hússins og við byggingu fjóss, sem fram hafði farið á sumrinu 1897, hlaupið alls 3611 kr. 15 a., en í þeirri upphæð eru fólgnar 330 kr. 80 a., sem er kostnaður við grunnhleðslu og flutning á byggingarefni, m. m., sem skóla-búið hefir lagt til. Kostnaðurinn hafði þannig orðið meiri en búizt hafði verið við (2250 kr.), en vitanlega er jafnan næsta ervitt að semja áreiðau-lega áætlun um kostnað við húsaviðbót eða aðgjörð af því tagi, sem hjer er um að ræða. Fjósið rúmar 14 nautgripi, og er þannig sömu stærðar og það fjósið, sem er byggt hinum megin við hlöðuna.

Forseti skýrði frá því, að hann hefði í brjefi, dags. 30. nóv. f. á., til stjórnarnefndarinnar fallizt á eða leyft, að byggjast mætti nú á þessu sumri önnur hlaðan til á Hvanneyri, eptir að hann brjeflega hafði borið sig saman við amtsráðsmennina og munnlega við amtsráðsmanninn úr Gull-bringu- og Kjósarsýslu um þetta, og var svo til ætlazt, að hlaðan skyldi vera timburhús með járnþaki, 27 álna langt og 12 álna breitt. Jafnframt var gengið út frá því, að kostnaðurinn færi ekki fram úr 2700 kr., og mundi stofnunin geta klofið kostnaðinn, ef tekið væri 1000—1500 kr. bráðabirgðalán, sem yrði endurborgað af jafnaðarsjóði á árinu 1899. Aptur á móti hafði forseti eigi þorað að ráðast í það, að láta byggja tvö fjárhús sín hvor-um megin við hlöðuna og áföst við hana eins og æskt var eptir, heldur skyldi fresta að taka ákvörðun um bygging þeirra, þar til á amtsráðsfundi, þannig að fjárhúsin yrðu byggð síðar, þótt það á hinn bóginn væri auðsætt, að öll byggingin, sem sje hlaðan ásamt fjárhúsunum, yrði kostnaðarsamari, ef byggð væri í tvennu lagi, en ef hún yrði gjörð í einu. Nú hafði stjórn-arnefndin í brjefi sínu, dags. 1. júní þ. á., sem var framlagt, samt álitid það alveg óhjákvæmilegt, að byggja fjárhúsin þegar á þessu sumri, ásamt með hlöðunni, þar sem fjárgeymsla væri svo örðug án þeirra, enda ódýrast að byggja bæði hlöðu og fjárhús í einu. Jafnframt hafði nefndin tekið það fram, að eigi væri horfandi í að auka nokkuð þau lán, sem á skólastofnuninni hvíldu, svo sem þyrfti til að koma þessari byggingu upp nú í sumar, og það því síður, sem með þessari húsabót myndi vera lokið hinum nauðsynlegustu húsabyggingum á Hvanneyri. Ennfremur hafði nefndin skýrt frá, að grund-völlur væri þegar hlaðinn undir hina fyrirhuguðu byggingu alla, og að skóla-stjóri hefði lagt drög fyrir að fá hinn nauðsynlega við, að sjálfsögðu þó án skuldbindingar. Eptir áætlun, sem fram var lögð ásamt uppdrætti um kostn-aðinn viðvikjandi hinni fyrirhuguðu byggingu, ætti hún að kosta 4713 kr. 74., en vegna þess að trjáviður hefði hækkað í verði, mundi eigi verða kom-izt af með minna en 5000 kr.

Forseti gat þess, að hann enn eigi hefði tekið hið aðurnefnda bráða-birgðalán upp á 1500 kr., og skýrði svo frá og lagði fram skilríki fyrir því, að skólastofnunin væri nú í skuld við sig og verzlaniðnar frá árinu 1897—98, sem næmi alls 1428 kr. 49 a.; þar að auki hafði forseti lagt fram 793 kr.

94 a. til kostnaðar við skólann á þessu nýbyrjaða skólaári. Þessi skuldasöfnun stafaði mest af því, að tekjurnar af laxveiðinni höfðu brugðizt algjörlega það árið, sem leið, en við það bættist lágt verð á sauðfje. Aftur á móti á skólabúið heityrningar, sem eru metnar 2250 kr. virði. Fjárhagurinn væri því nú svo, að eigi yrði komizt af með minna en 5000 kr. lán, sem forseti sagðist hafa fengið loforð fyrir hjá landsbankanum væntanlega til 10 ára, auk þess sem þyrfti að hækka nokkuð jafnaðarsjóðsgjaldið fyrir 1899. Amtsráðið samþykkti að hlaða og fjárhús væru byggð á þessu sumri, með því, lagi, sem til ætlaðt væri, og að 5000 kr. lán yrði tekið; var forseta falið að undirskrifa skuldabrief fyrir láninu, og taka við fjenu.

Í tyrnefndu brjefi sínu, dags. 1. júní þ. á., hafði stjórnarnefndin látið uppi tillögur sínar um ýmsar fjárveitingar til skólabúsins, og samþykkti amtsráðið þessar fjárveitingar í þarfir þess:

- | | |
|---|-----------------|
| 1. til hrossakaupa | 180 kr. |
| 2. — aðstoðarkennara | 200 — |
| 3. — framhalds smíðakennslu | 100 — |
| 4. — kaupgjald hjúa og daglaunamanna, kaupstaðarvarnings og matvæla | 1400 — 1880 kr. |

Stjórnarnefndin hafði einnig látið í ljós, að mjög æskilegt væri, að keyptir yrðu á árinu 1899 tveir heyvagnar með aktygjum, sem mundu kosta 500—600 kr., ef efnin leyfðu það, þar sem það væri svo miklum erfiðleikum bundið að flytja heyið af engjunum, sem væru flæðiengjar, á votabandi heim á túnið á hestum.

Amtsráðið gat eigi sinnt beiðni þessari að svo komnu.

Forseti lagði fram brjef sjera Arnórs Þorlákssonar á Hesti, varmanns í stjórnarnefndinni, dags. 22. júní þ. á., þar sem hann fer þess á leit samkvæmt ósk sóknarmanna, að amtsráðið vildi veita fje til þess, að kaupa organ handa kirkjunni og sjá um útvegum þess.

Amtsráðið vildi gjarnan leggja kirkjunni til organ, en sá sjer samt eigi fært að svo komnu, að leggja fram fje til þess.

Samkvæmt því, sem tekið er fram að framan, var saminn svolátandi áætlun um tekjur og gjöld skólans 1898—99.

Tekjur.

1. Landssjóðsstyrkur 1899	kr. 2500,00
2. Úr búnaðarskólasjóði 1898	— 1660,00
3. Úr jafnaðarsjóði 1899	— 2586,99
4. Útistandandi skuldir skólabúsins	— 366,76
5. Lán úr landsbankanum	— 5000,00
	<u>kr. 12113,75</u>

Gjöld.

1. Afborgun upp í lán og vaxagreiðslur:

a. til landssjóðs kr. 1504,00

Flyt kr. 1504,00

96

	Flutt kr. 1504,00	
b. — landsbankans	— 586,50	
c. — kirkjusjóðsins	— 148,00	kr. 2238,50
2. Skuldir frá fyrra ári:		
a. við reikningshaldara	— 848,49	
b. kaupstaðarskuldir	— 580,00	
c. við skólastjóra	— 100,00	— 1528,49
3. Laun skólastjóra 1898—99	— 1000,00	
4. Laun aðstoðarkennara	— 200,00	
5. Til smíðakennslu	— 100,00	
6. Til bókaakaupa handa lærisveinum	— 90,00	
7. Til hjúalauna, verkalauna daglaunamanna, matvæla, kaupstaðarvarnings o. fl.	— 1400,00	
8. Til þess að byggja nýja hlöðu og fjárhús	— 5000,00	
9. Önnur útgjöld	— 556,76	kr. 12113,75

Þá var samið yfirlit yfir efnahag búnaðarskólastofnunarinnar í fardög-
um 1898.

Eignir

1. Hvanneyri með kirkjujörðum, hjáleigum og ítökum m. m., að kirkjunni sjálfri undanskilinni	kr. 16000,00	
2. Kirkjan á Hvanneyri	— 3800,00	
3. Hús, önnur en jarðarhús	— 17000,00	
4. Lifandi peningur	— 4355,00	
5. Jarðyrkjuverkfæri og heyskaparáhöld	— 1219,30	
6. Bækur og kennsluáhöld	— 222,70	
7. Smíðatöl o. fl.	— 198,00	
8. Skip og laxveiðaáhöld	— 329,00	
9. Heyfyrningar og búsafléifar	— 2772,00	
10. Annað lausafje	— 2021,90	
11. Útistandandi skuldir	— 366,76	kr. 48284,66

Gjöld.

1. Óborguð lán.	
a. úr landssjóði	kr. 26458,82*
b. — landsbankanum frá 25/7 95	— 3600,00
c. — kirkjusjóði 15/1 94	— 1200,00
	Flyt kr. 31258,82

*) 1. Eptirstöðvar af lánu frá 1/10 85	kr. 739,36
2. — — — — — 8/6 86	— 2190,82
3. — — — — — 3/9 92	— 8916,64
4. Lán án afborgunar — 24/11 88	— 11800,00
5. Eptirstöðvar af lánu — 30/7 94	— 2812,00
	kr. 26458,82

Flutt kr. 31258,80

96

d. — búnaðarskólasjóði	— 1000,00	kr. 32258,82
2. Ymsar skuldir	—	1528,00
3. Mismunur	— 14497,84	— 48284,66

Að endingu skýrði forseti frá því, með skirskotun til þess sem gjörzt hafði á fundi amtsráðsins 24.—26. júní f. á., að hann hefði skrifað amtmanninum yfir Norður- og Austuramtinu, 29. okt. f. á., og bedið hann um að bera undir amtsráðin í Norður- og Austuramtinu, hvort tiltækilegt væri, að lengja námstímann á búnaðarskólunum, þegar sá rjetti tími væri til þess kominn, og þá breyta einnig tilhögun kennslunnar samkvæmt því.

30. Amtsráðið veitti skólastjóra Hirti Snorrasyni 200 kr. úr jafnaðarsjóði, sem viðbót við styrk þann, sem honum er veittur úr landssjóði til þess að ferðast á sýninguna í Björgvin.
31. Amtsráðið ályktaði, að veita allt að 500 kr. til kostnaðar við móttöku erindreka Oddfellow-reglunnar, sem hingað væri von til þess að afhenda landinu hina rausnarlegu gjöf reglunnar, holdsveikisspítalann í Laugarnesi, og við dvöl þeirra í Reykjavík og var forseta falið að koma fram við þetta tækifæri fyrir hönd amtsráðsins.
32. Þá var rædd og samþykkt áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins á árinu 1899.

Tekjur.

1. Væntanlegar eptirstöðvar við árslok	kr. 500,00
2. Niðurjöfnun	— 4469,00
	kr. 4969,00

Gjöld.

1. Kostnaður við amtsráðið	kr. 600,00
2. Ferðakostnaður	— 200,00
3. 5 afborgan upp í og vaxtagreiðsla af láni til Ölfusárbrúrinna	— 482,63
4. Kostnaður samkvæmt lögum 2. okt. 1891, um skipun dýralækna á Íslandi	— 300,00
5. Menntamál (kvennaskólinn í Reykjavík)	— 100,00
6. Til búnaðarskólans á Hvanneyri	— 2586,99
7. Ýmisleg útgjöld	— 199,38
8. Eptirstöðvar	— 500,00
	— 4969,00

Með því að ráðið eigi má jafna niður nema 4121 kr. 27 a., samkvæmt 56. gr. tilskipunar 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi, fól það forseta sínum að leita samþykkis landshöfðingja til niðurjöfnunarinnar.

Fleiri mál komu eigi til umræðu og var svo fundi slitið.

Reykjavík, 22. júlí 1898.

J. Havsteen.